



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Stykkishólmur, 11. maí 2022
MÍ202205-0069/ 6.09 / M.A.S.

Efni: Vesturbyggð. Krosseyri í Geirþjófsfirði. Deiliskipulag fyrir Heilsusetur

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Með tölvupósti, dagsettum 10. maí 2022 óskaði Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Heilsusetur á Krosseyri í Geirþjófsfirði. Með fylgdi tillaga að deiliskipulagi dags. apríl 2022.

Deiliskipulagssvæðið er um 4.2 ha að stærð og er staðsett á Krosseyri við Geirþjófsfjörð og upp hlíðina frá henni. Fornleifaskráning fór ekki fram við aðalskipulagsgerð svo skipulagssvæðið hefur ekki verið skráð!

Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 stendur í kafla 6.9.1 að:
Á deiliskipulagsstigi fari fram fornleifaskráning en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði heilsársbyggð, frístundarbyggð, iðnaðarstarfsemi, skógrækt o.fl.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:
Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Minjastofnun Íslands setti fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundinn 1. janúar 2013. Við skipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru tilgreind. Eins þarf að merkja friðlýstar og friðaðar minjar inná uppdrátt ásamt friðhelguðu svæði umhverfis þær, en samkvæmt 22. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012, segir:

Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema

kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Minjastofnun Íslands getur ekki samþykkt deiliskipulagið eins og það hefur verið kynnt fyrir stofnunina. Ljúka þarf við fornleifaskráningu á skipulagssvæðinu. Að því loknu þarf deiliskipulagatillagan að berast Minjastofnun aftur til umsagnar.

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúi (oskar@landmotun.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)